

**93**  
31. ágúst Það, sem gerist á stjórnarfundum, tillögur og niðurstöðu hvers máls. Stjórnin undirritar bókunina að afloknum hverjum fundi.

Ákvarðanir um styrkveitingar skal forstjóri Ríkisprentsmiðjunnar undirrita ásamt stjórninni, og skulu endurskoðendur eiga aðgang að gerðabókinni. Gjaldkeri sjóðsins varðveitir eignir hans og annast færslu sjóðbókar.

Endurskoðendur skulu með áritun á reikning sjóðsins votta, að verðbréf sjóðsins hafi verið skoðuð, og láta uppi álit sitt á þeim og ennfremur, hvort þeir telji fé sjóðsins vera ávaxtað á tryggilegan hátt.

#### 10. gr.

Fari svo, að Ríkisprentsmiðjan Gutenberg hætti störfum, skal eignum sjóðsins, ef eigi næst samkomulag um áframhaldandi starfsemi, skipt milli starfsmanna prentsmiðjunnar í réttu hlutfalli við starfstíma þeirra.

#### 11. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

**94**

1. sept.

## SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Dalasýslu frá 11. apríl 1929.

#### 1. gr.

Aftan við 5. tölulið í 2. gr. bætist nýr töluliður, er verði 6. töluliður, svo hljóðandi:

Laugavegur, frá Þjóðvegi að Laugum í Hvammssveit.

#### 2. gr.

6. töluliður 2. gr. verði 7. liður.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102, 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 15. september 1936.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. september 1936.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*